



Akraneskaupstaður

Viðmiðunarreglur Akraneskaupstaðar vegna viðurkenninga fyrir unnin afrek í íþróttum

1. Markmið

Að veita íþróttafélögum á Akranesi árlegar viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum.

2. Viðmið styrkveitinga

Akraneskaupstaður veitir viðurkenningar til félaga/deilda innan ÍSÍ vegna Íslands- og/eða bikarmeistaratitla í efstu deild karla og kvenna í viðkomandi hópíþrótt eða einstaklingsgrein. Upphæðir viðurkenninga eru sem hér segir:

Íslandsmeistaratitill í hópíþrótt eða einstaklingsgrein kr. 100.000

Bikarmeistaratitill í hópíþrótt eða einstaklingsgrein kr. 50.000

3. Skyldur styrkþega

Öll þau íþróttafélög sem þiggja viðurkenningu frá Akraneskaupstað skulu hlíta þeim reglum sem íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu síða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Akraneskaupstaður áskilur sér rétt til að hætta við að veita viðurkenningu ef regla þessi er brotin.

4. Framkvæmd


Íþróttafulltúi ÍA veitir tómstunda- og forvarnarnefnd upplýsingar um hverjir hafa hlutið Íslands- og bikarmeistaratitla eigi síðar en 1. desember ár hvert. Afhending viðurkenninga fer fram við kjör íþróttamanns Akraness.

5. Gildistími

Viðmiðunarreglur þessar voru samþykktar af tómstunda- og forvarnarnefnd Akraneskaupstaðar þann 23. október 2007 og af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 13. nóvember 2007 og skal endurskoðuð eigi síðar en árið 2010.

Viðmiðunarreglur þessar taka gildi þann 15. nóvember 2007.

Akranesi, 15. nóvember 2007


Gísli S. Einarsson
bæjarstjóri

